



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

**Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**  
**5. fundur 2012 (30. fundur)**  
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 08.11.2012 kl. 14 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Magnús Stefánsson	skipulagsnefnd
Steinþór Einarsson	"
Sigurður Thoroddsen	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sigurður H. Ólafsson	skipulags- og byggingarfulltrúi
Georg E. Friðriksson	Landhelgisgæslan

Fundinn sat einnig sem áheyrnarfulltrúi Sandgerðisbæjar Jón Ben Einarsson.

**1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar**

Lagðar voru fram fundargerðir 41. og 42. fundar ráðgjafahóps um skipulagsmál Keflavíkurflugvallar (RUMSK) og bréf ISAVIA til skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar, dags. 08.10.2012 og 02.11.2012 varðandi tiltekin efni fundargerða RUMSK um aðalskipulag flugvallarins og önnur mál.

Skipulagsfulltrúi gerði grein fyrir framgangi vinnunnar við aðalskipulagið. Meginverkefni við endurskoðun skipulagsins eru þrjú: Flugbrautir, flugstöð og Háaleitishlað. Rætt var um tímaáætlun endurskoðunarinnar sem virðist vera farin eitthvað úr skorðum og þarf að endurskoða. Haft hefur verið samráð við ýmsa aðila, bæði sveitarfélög og Vegagerðina. Við Vegagerðina hefur verið rætt um breytingu á tengingu að flugstöðinni.

Niðurstaða umræðnanna var að skipulagsnefndin óskar eftir að fá kynningu frá ráðgjöfum endurskoðunar aðalskipulagsins á stöðu mála snemma á næsta ári.

**2. Fálkavöllur 2 – breyting á deiliskipulagi, umsókn um stækkun flugeldhúss**

Fyrir var tekin að nýju umsókn um stækkun flugeldhúss að Fálkavelli 2. Stækkunin fer út fyrir byggingarreit og er því breyting á deiliskipulagi forsenda stækkunarinnar.

Skipulagsnefndin ítrekar þá afstöðu sína að um óverulega breytingu sé að ræða á deiliskipulagi og samþykkti að fram fari grenndarkynning á breytingunni í samræmi við ákvæði 2. m.gr. 43. gr. skipulagslaga og 2. m.gr. 44. gr. skipulagslaga hjá þeim aðilum sem hafa hagsmuna að gæta.

**3. Fálkavöllur 27 – breyting á deiliskipulagi, stækkun byggingarreits**



Fyrir var tekin tillaga að breytingu deiliskipulags lóðarinnar Fálkavöllur 27. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður og nýtingarhlutfall er skilgreint 0,5. Enn fremur er hámarkshæð skilgreind 9,0 m.

Skipulagsnefnd samþykkti að um óverulega breytingu á deiliskipulagi í samræmi við ákvæði 2. m.gr. 43. gr. skipulagslaga væri að ræða og málsmeðferð væri í samræmi við 3. m.gr. 44. gr. skipulagslaga en þar segir m.a.: Skipulagsnefnd er heimilt að falla frá grenndarkynningu ef sýnt er fram á að breyting á deiliskipulagi eða leyfisskyld framkvæmd varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda.

#### 4. Svæðisskipulag Suðurnesja

Lögð var fram greinargerð samvinnunefndar um svæðisskipulag Suðurnesja við þeim athugasemdum og ábendingum sem bárust við auglýsingu skipulagsins. Greinargerðin og svæðisskipulagið í heild sinni verður afgreitt á næsta fundi samvinnunefndarinnar og síðan sent til aðildarsveitarfélaganna, þ.á.m. skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar, til samþykktar. Að því fengnu fer svæðisskipulagið til Skipulagsstofnunar til yfirferðar og staðfestingar.

#### 5. Önnur mál

Sigurður Thoroddsen lagði fram eftirfarandi þrjár bókanir:

*Bókun 1: Gerð reyndaruppdráttarvegna deiliskipulags Flugstöðvarsvæðis Keflavíkurflugvallar.*

Ég undirritaður legg áherslu á að unninn verði hið fyrsta samræmdur deiliskipulagsuppdráttur af Flugstöðvarsvæðinu, sem upphaflega er frá 1987, þannig að inn á rafrænan uppdrátt verði færðar allar breytingar sem gerðar hafa verið frá gildistöku hans, og að hin heildstæða mynd sé ljós á hverjum tíma. Slíkur uppfærður reyndaruppdráttur er nauðsynlegur fyrir skipulagsnefndina og alla þá sem vilja kynna sér stöðu skipulagsmála á Flugstöðvarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli á hverjum tíma.

*Bókun 2: Skipu- og flæðirit vegna skipulagsnefndarinnar.*

Ennfremur tel ég nauðsynlegt að unnið verði skipurit fyrir skipulagsmál á Keflavíkurflugvelli, þannig að fram komi hvernig skipulagsnefndin tengist Isavia, Rumsk, innanríkisráðuneyti og öðrum hagsmunaaðilum á svæðinu. Slíkt skipurit þarf ráðuneytið að fallast á.

Rökin eru þau að ég tel frumkvæði og boðleiðir vegna skipulagsmála á svæðinu ekki nógu skýrar.

*Bókun 3: Svæði A, núverandi notkun / nýting sumra lóðaþ*

Umgengni á svæði A á Flugstöðvarsvæðinu þarf að bæta, s.s. að fjarlægja gáma og síðast en ekki síst að fjarlægja bíla í eigu bílaleiganna sem virðast nota sínar lóðir og jafnvel svæði utan þeirra sem langtíma- og geymslusvæði fyrir hundruðir eða þúsundir bíla við aðkomuveg að flugstöðinni. Skipulagsfulltrúi þarf að gera gangskör í þessu máli.

R.vík 7. nóvember 2012

Sigurður Thoroddsen



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Í umræðum um bókun 1 hér að framan kom fram að verið væri að vinna að gerð hins umrædda uppdráttar og yrði hann væntanlega tilbúinn um n.k. áramót.

Umræður urðu enn fremur um bókun 2 og bókun 3.

## **6. Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður föstudaginn 14.12.2012 kl. 12:30.

Fleira ekki gert, fundi slitið.